

Greinargerð með
fjárhagsáætlun
Grundarfjarðarbæjar
2018



Efnisyfirlit

Forsendur	2
Aðalsjóður	4
Skatttekjur	4
Félagsþjónusta	6
Fræðslu- og uppeldismál	8
Menningarmál	10
Æskulýðs- og íþróttamál	12
Brunamál og almannavarnir	14
Hreinlætismál	15
Skipulags- og byggingarmál	16
Umferðar- og samgöngumál	17
Umhverfismál	18
Atvinnumál	19
Sameiginlegur kostnaður	20
Breyting lífeyrisskuldbindinga	22
Fjármagnsgjöld	22
B-hluta sjóðir	22
Niðurlag	22



Forsendur

Helstu forsendur fjárhagsáætlunarinnar:

- Álagningarhlutfall útsvars er 14,52%, sem er sama álagningarprósenta og á yfirstandandi ári.
- Almennt er miðað við 2-2,5 % verðlagsbreytingu árið 2018, sem er til samræmis við þjóðhagsspá. Jafnhliða er gerð um 1% hagræðingarkrafa á forstöðumenn deilda þ.a. nettó meðaltals verðbreyting er áætluð um 1,5 %
- Miðað er við að launavísitala hækki um 6,5%. Áætlun launa hefur þó verið reiknuð út frá gildandi kjarasamningum. Heildar launahækkanir eru því í samræmi við kjarasamninga og miðaðar við stöðugildi á hverri stofnun. Prósentuhækkun launa getur því verið nokkuð breytileg milli stofnana þegar tekið hefur verið tillit til launaskriðs og breytinga á mannafla, þar sem það á við. Um magnaukningu er að ræða á nokkrum deildum en í öðrum hefur stöðugildum fækkað.
- Álagning fasteignagjalda verður óbreytt milli áranna 2017 og 2018 og er álagning hinna mismunandi flokka eins og fram kemur hér að neðan.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis fasteignaskatts A er 0,5%, árið 2018, sem er óbreytt álagning frá fyrra ári. Álagningarhlutfall fasteignaskatts B verður óbreytt 1,32% og sama er að segja um fasteignaskatt C, sem einnig verður óbreyttur, 1,65%.
- Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis, lóðarleiga A, verður óbreytt eða 2,0%. Sama er að segja um lóðarleigu B, sem einnig verður 2%. Lóðarleiga C verður óbreytt, 4,00%. Lóðaleiga ræktunarlands verður óbreytt eða 3%.
- Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis er óbreytt af álagningarstofni og verður 0,2% . Fráveitugjald atvinnuhúsnæðis er óbreytt 0,4% og fráveitugjald opinbers húsnæðis er óbreytt 0,3%
- Sorpgjald er óbreytt frá fyrra ári 44.000 kr.og sorpgjald af sumarhúsum er einnig óbreytt 17.000 kr. eins og var á yfirstandandi ári.
- Miðað er við að bæði A- og B-hluti áætlunarinnar verði gerðir upp með jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða samstæðu reiknings A- og B-hluta er talin verða jákvæð um 28,5 m.kr.
- Í framkvæmdir er ráðgert að verja 114,1 m. kr. Helst er þar að nefna lagfæringar á húsnæði leikskólans, áframhaldandi lagfæring á húsnæði grunnskólans, bætt íþróttaaðstaða, leikdót á útisvæði, gatnagerð og gangstéttir, göngustígur um Paimpol frá Hrannarstíg að Borgarbraut við skólann, nauðsynlegar lagfæringar í samkomuhúsi, áframhaldandi vinna að nýju aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið, sem ráðgert er að verði lokið á komandi vori, verklok á þakviðgerðum íbúða Eldri borgara að Hrannarstíg 18 og lagfæringar innandyrar, lagfæring bæjargirðinga, tjaldstæðis og annarra eigna sveitarfélagsins. Auk þessa verður keyptur búnaður fyrir skóla, áhaldahús og slökkvistöð. Að lokum þá er gert ráð fyrir að hafist verði handa við byggingu viðbyggingar við svokallaðan Norðurgarð hafnarinnar. Vonast er til að fjárframlag fái til þess að hefja framkvæmdir á komandi ári.
- Dvalargjöld á leikskóla verða óbreytt frá fyrra ári. Fæðisgjald hækkar um 2,5%. Afsláttur einstæðra foreldra og námsmanna er óbreyttur eða 40% og afsláttur vegna annars barns er 50% og þriðja barns verður 100%. Þetta eru sömu afslættir og voru fyrir yfirstandandi ár. Verð skólamáltíða hækkar úr 375 kr., hver máltíð í 384 kr. Mánaðaráskrift hækkar úr



5.670 kr. í 5.812 kr. Tímagjald í heilsdagsskólanum hækkar úr 278 kr. í 285 kr., en afslættir einstæðra foreldra, námsmanna og systkinaafsláttur helst óbreyttur. Gjaldskrá í tónlistarskóla hækkar almennt um 2,5%. Gjaldskrá til tónnáms hjá eldri en 21 árs lækkaði verulega á síðasta ári og er 75% hærra en gjald hjá yngri nemendum. Gjaldskrá sundlaugar er óbreytt milli ára. Einstakt gjald fyrir fullorðna er 700 kr. sem er sama gjald og á yfirstandandi ári. Aðrar gjaldskrár sundlaugar svo sem fyrir börn og allar tegundir miða verða einnig óbreyttar frá fyrra ári.


- Afsláttur vegna fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega tryggir að tekjulágir eldri borgarar njóta afsláttar af fasteignaskatti. Tekjuviðmið miða við breytingar á tekjutryggingu frá Tryggingarstofnun ríkisins.
- Áfram verður gætt aðhalds í rekstri og hagkvæmni í innkaupum. Á almennum rekstrargjöldum er gerð 1,0% hagræðingarkrafa, sem forstöðumönnum er ætlað að ná á þeim starfseiningum sem þeir stýra jafnhliða því að skoða möguleika í almenntri hagræðingu.
- Við gerð áætlunarinnar hefur verið reynt að gæta aðhalds og hagræðingar eins og kostur er. Í því sambandi hefur áætlunin verið unnin í sem mestu samráði við forstöðumenn deilda og stofnana. Jafnframt hafa verið haldnir sérstakir fundir með bæjarfulltrúum þar sem lagst hefur verið yfir forsendur áætlunarinnar og hvernig best sé að marka stefnuna til framtíðar. Ljóst er að ávallt verður að vera á tánum hvað varðar rekstrarkostnað, eigi hann ekki að fara úr böndum. Megin línan í þessari áætlun er að sinna vel öllum lögboðnum rekstri sveitarfélagsins, halda við eignum og vinna að brýnustu framkvæmdum í sveitarfélaginu. Markmiðið er að ná þessu auk þess að ná áföngum í niðurgreiðslu lána sveitarfélagsins, en nauðsynlegt er að lækka heildarskuldir þannig þær verði lægri en 150 % af heildartekjum sveitarfélagsins eins og sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir. Þessu marki var náð í ársreikningi 2015 en miðað hafði verið við að ná því árið 2017-2018 miðað við þá stefnu sem sett var fram í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.
- Í rekstraryfirliti fjárhagsáætlunar ársins 2018 kemur fram að heildartekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar 1.034 m. kr. Laun eru áætluð 535,7 m. kr., önnur rekstrargjöld 347,1 m. kr. og afskriftir 52,8 m. kr. Rekstrarniðurstaða áætlunarinnar er því jákvæð um 98,4 m.kr. fyrir fjármagnsliði. Fjármagnsgjöld eru áætluð 70,3 m. kr., þannig að þegar tekið hefur verið tillit til þeirra er rekstrarniðurstaða samstæðunnar jákvæð um 28,4 m. kr.
- Í sjóðsstreymisyfirliti áætlunarinnar sést síðan að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum og áföllnum en ógreiddum verðbótum og gengismun og öðrum breytingum á skuldbindingum að veltufé frá rekstri er 118,0 m.kr. Þessi fjárhæð nýtist síðan til afborgana lána og nauðsynlegra fjárfestinga sem brýnt er talið að ráðast í á árinu 2018. Ráðgert er að fjárfestingar nettó verði 116,9 m.kr. og afborganir lána 106,9 m.kr. og að tekin verði ný lán að fjárhæð 60 m.kr. Að öllu þessu töldu kemur í ljós að gengið er á handbært fé um 45,7 m.kr. en í upphafi árs er ráðgert að það verði 64,8 m.kr. Handbært fé í árslok ársins 2018 er því áætlað 19,1 m.kr. gangi fjárhagáætlun ársins 2018 fram eins og ráðgert er.



Aðalsjóður

Skatttekjur

Skatttekjur	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Útsvar	477.682	487.666	9.984	2,1%
Fasteignaskattur	79.551	87.343	7.792	9,8%
Jöfnunarsjóður	143.872	177.503	33.631	23,4%
Lóðarleiga	28.952	31.350	2.398	8,3%
Samtals	730.057	783.862	53.805	7,4%



Útsvar

Upplýsingar um breytingu útsvarsstofns milli ára koma frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og einnig er miðað við spá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlað er að útsvar ársins 2017 hækki um 8,3% milli árána 2017 og 2018, en þegar tekið hefur verið mið af magnbreytingum til viðbótar verðlagi er hækkunin áætluð aðeins 2,1%, sem þýðir að útsvar heldur ekki í við verðlag. Miðað er við að hækkun útsvars haldist nokkuð í hendur við launapróun. Gengispróun og fiskverð vigta mikið í launum hér í Grundarfirði. Gert er ráð fyrir að öðru leyti að útsvar í Grundarfirði hækki með sambærilegum hætti eins og landsmeðaltal gerir ráð fyrir.

Fasteignaskattur

Álagningarprósentur allra fasteignagjalda sveitarfélagsins haldast óbreyttar frá fyrra ári.

Álagning fasteignaskatts A er 0,5%, álagning fasteignaskatts B verður 1,32 % og fasteignaskattur C verður 1,65%. Lóðarleiga A verður 2%, lóðarleiga B verður 2%, lóðarleiga C verður 4% og lóðarleiga ræktunarlands verður 3%. Álagning fráveitugjalda verður óbreytt 0,2% í flokki A, 0,3% í flokki B og 0,4% í flokki C. Sorpgjöld á íbúð og sumarhús verða einnig óbreytt eða 44 þús. kr. og 17 þús. kr. á ári.




Jöfnunarsjóður

Áætlað er að heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði örlítið hærri en árið 2017, sem er byggt á áætlun sem Jöfnunarsjóðurinn gerir. Útgjaldajöfnunarframlag hækkar um 30,2%, jöfnunarframlag til reksturs Grunnskóla 45,2% og fasteignaskattsjöfnun lækkar um 23,1%. Í heild er ráðgert að framlög sjóðsins verði 23,4% hærri en á yfirstandandi ári.

Framlög Jöfnunarsjóðs skiptast á eftirfarandi hátt:

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Tekjujöfnunarframlag	0	10.558	10.558	#DIV/0!
Útgjaldajöfnunarframlag	72.026	93.806	21.780	30,2%
Framlag vegna nýbúafræðslu	1.430	1.690	260	18,2%
Jöfnunarframlag til reksturs grunnskóla	27.365	39.863	12.498	45,7%
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	3.740	1.350	-2.390	-
Fasteignaskattsjöfnun	39.311	30.236	-9.075	-23,1%
Aukaframlag	0	0	0	-
Sérstakt framlag	0	0	0	
Samtals	143.872	177.503	33.631	23,4%

Skipting framlaga Jöfnunarsjóðs






Félagsþjónusta

Félagsþjónusta	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Framlag til Félagssjóki Snæfellinga	11.300	12.700	1.400	12,4%
Félagsleg aðstoð	1.886	2.132	246	13,0%
Þjónusta við börn og unglinga	3.460	7.766	4.306	124,5%
Þjónusta við aldraða	13.020	16.078	3.058	23,5%
Þjónusta við fatlaða	42.618	49.187	6.569	15,4%
Ýmsir styrkir og framlög	345	245	-100	-29,0%
Samtals	72.629	88.108	15.479	21,3%

Félagsþjónusta - skipting 2018



Framlag til Félags- og skólalþjónustu Snæfellinga

Framlaginu til FSS er skipt í tvennt, um 70% vegna félagsþjónustu og 30% vegna skólalþjónustu. Hér er um að ræða áætlað framlag vegna félagsþjónustunnar. Áætluð breyting tekur miðað af verðlagshækkunum.

Félagsleg aðstoð

Miðað er við að félagsleg þjónusta verði með svipuðu sniði og var árið 2017. Þjónusta við aldraða verður einnig á móta og verið hefur og er þar helst að nefna framlög til Fellaskjóls, heimaþjónustu aldraðra, tómstundastarf aldraðra og annað svo sem frí afnot af húsnæði o.fl. Húsaleigubætur voru fluttar yfir til ríkisins árið 2017 og er því ekki áætlað fyrir kostnaði vegna þeirra hér. Þjónusta við málefni fatlaðra er langstærsti liðurinn í þessum málaflokki. Kostnaður vegna þessa málaflokks er mikill og ljóst að fjárveitingar sem koma frá ríkisvaldinu duga engan veginn fyrir því sem nauðsynlegt er að gera í þessum málaflokki og er þar sérstaklega verið að tala um úrræði í húsnæðismálum. Brýnt er að



ná samkomulagi við ríkisvaldið um að aukið fjármagn til þess að sinna þessum verkefnum eins og vera ber.

Í heild hækkar þessi málaflokkur um 21,3 %.

Þjónusta við börn og unglinga

Áætlað framlag vegna liðveislu barna og unglinga miðast við reynslu síðasta árs. Ráðgert er að þjónustan verði með sama sniði og verið hefur. Hér hækka framlög mikið vegna sértækra aðgerða í barnaverndarmálum, sem nauðsynlegt er að styðja við.

Þjónusta við aldraða

Þessi þjónusta er áætluð með svipuðu sniði og á árinu 2017 að viðbættu verðlagi. Í þessum málaflokki er helst að nefna heimaþjónustu aldraðra og kostnað vegna tómstundastarfs aldraðra.

Kostnaður þessi eykst nokkuð frá áætlaðri niðurstöðu 2017, þar sem ekki tókst að manna heimaþjónustuna að fullu á yfirstandandi ári.

Þjónusta við fatlaða

Þjónusta við fatlaða er áætluð sambærileg og áður. Málefni fatlaðra sem sveitarfélögin tóku yfir eru í umsjón Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Kostnaður vegna þessa er brúaður með sérstakri heimild til hækkunar á útsvari sveitarfélaga, sem kemur fram í tekjuhlið áætlunarinnar og færist síðan út sem útgjöld undir málefnum fatlaðra í gjaldahlið áætlunarinnar. Alls er áætlað til þessa málaflokks 49,2 m.kr., þar af eru 1,8 m.kr., vegna liðveislu fatlaðra.


Ýmsir styrkir og framlög

Ýmsir styrkir og önnur framlög eru lítillega lægri en árið 2017. Um er að ræða lögbundnar greiðslur í orlofssjóð húsmæðra, varasjóð húsnæðismála og ýmsan ófyrirséðan kostnað vegna félagslegrar þjónustu.



Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Skólanefnd	953	635	-318	-33,4%
Skólaþjónusta	4.900	5.500	600	12,2%
Leikskóli	108.743	116.234	7.491	6,9%
Grunnskólamál	212.691	230.063	17.372	8,2%
Fjölbrotaskóli Snæfellinga	7.300	7.300	0	0,0%
Tónlistarskóli	30.412	28.688	-1.724	-5,7%
Umferðarskólinn	30	30	0	0,0%
Samtals	365.029	388.450	23.421	6,4%



Skólanefnd

Skólanefnd skipa fimm fulltrúar og fundar nefndin eftir þörfum að jafnaði um sex sinnum á ári. Nefndin fer með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði við skólanefnd og undanfarin ár, en framlagið lækkar sökum þess að áætlað hafði verið fyrir nokkurri umframvinnu nefndarinnar á árinu 2017.

Skólaþjónusta

Um er að ræða kostnað skólaþjónustu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Framlagið er áætlað með verðlagi 5,5 m.kr. og er skipting kostnaðar vegna FSS þannig að ca. 70% telst vera félagsmál og 30% skólamál.

Leikskóli

Í leikskólanum eru 47 nemendur og eru nær allir í heilsdagsvistun. Meðalvistunartími er um 7 klst. á dag. Undanfarin ár hefur vistunartími lengst og eru yngri árgangar stærri hluti en þeir eldri. Það eykur nokkuð þyngd í starfsmannahaldi. Elstu leikskólabörnin hafa verið flutt á nýja 5 ára deild uppi í



Grunnskóla, sem skýrir fækkun barna. Tilfærsla þessi er talin hafa heppnast mjög vel. Þetta lækkar nokkuð kostnað við rekstur leikskólans. Stöðugildi við leikskólann eru nú 17,0.

Gjöld fyrir leikskólavist hækka ekkert milli ára 2017 og 2018 en matur hækkar um 2,5 %.

Að teknu tilliti til kjarasamningsbundinna launahækkana og almenns rekstrarkostnaðar hækka útgjöld leikskólans um 7,5 m.kr. milli ára 2017 og 2018.

Grunnskólamál

Grunnskólinn hefur mátt ganga í gegnum miklar breytingar á fáum árum. Nemendum hefur fækkað yfir 50% og eru þeir liðlega 86 en voru yfir 200 fyrir fáeinum árum. Rekstur skólans hefur verið góður og stenst hann vel samanburð við aðra skóla af sambærilegri stærð. Kennara og stjórnendur við grunnskólann eru 12. Annað starfsfólk er 9 í 6 stöðugildum. Útgjöld skólans hækka um 8,2 % milli ára 2017 og 2018, þegar tekið hefur verið tillit til kjarasamninga kennara.

Leikskóladeildin Eldhamrar

Árið 2017 var fyrsta heila rekstrarár Eldhamra. Á deildinni eru 14 fimm ára börn og er áætlað að heildar kostnaður við reksturinn verði 17,1 m.kr. samanborið við 16,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Óhætt er að segja að rekstur þessarar nýju deildar hafi gengið mjög vel. Mikil ánægja er með þessa nýbreytni í starfsemi leikskóla. Enn og aftur er Grundfirðingum er óskað innilega til hamingju með þennan nýja áfanga í leikskólamálum.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Um er að ræða húsaleigu og framlag vegna skólaaksturs. Grundarfjarðarbær greiðir húsaleigu vegna skólabyggingarinnar ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi auk þess að taka þátt í kostnaði við skólaakstur.

Tónlistarskóli

Nemendafjöldi í Tónlistarskólanum er áætlaður svipaður og á síðasta ári og eru þeir liðlega 50 talsins. Starfandi kennarar eru 5 í 2,9 stöðugildum, auk stundakennara og hefur þeim fækkað úr 5,2 stöðugildum, vegna skipulagsbreytinga, sem gerðar voru á árinu 2015. Af þeim sökum hefur rekstrarkostnaður skólans lækkað verulega frá árinu 2015, enda þótt starfsemin sé mjög svipuð og áður var. Áætlað er að kostnaður Tónlistarskólans lækki um 5,7% milli ára 2017 og 2018.

Umferðarskólinn


Hér er um lögbundið framlag að ræða til umferðarskólans „ungir vegfarendur“.



Menningarmál

Menningarmál	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Menningarnefnd	227	339	112	49,3%
Bókasafn	8.856	9.087	231	2,6%
Eyrbyggja, sögumiðstöð	1.640	1.646	6	0,4%
Samkomuhús	2.101	1.808	-293	-13,9%
Hátíðir	1.900	1.900	0	0,0%
Ýmsir styrkir	4.215	2.250	-1.965	-46,6%
Samtals	18.939	17.030	-2.021	-10,1%

Menningarmál - skipting 2018



Menningarnefnd

Menningarnefnd tók til starfa síðla árs 2013, eftir að menningar- og tómstundanefnd var skipt upp í menningarnefnd annars vegar og íþrótt- og æskulýðsnefnd hins vegar. Í nefndinni sitja þrír fulltrúar. Gert er ráð fyrir að kostnaður við nefndina hækki nokkuð milli árána 2017 og 2018 sé tekið mið af raun niðurstöðu ársins 2017. Nefndin hefur tekið yfir málefni Eyrbyggju Sögumiðstöðvar og þarf tilviðbótar hefðbundnum störfum að vinna að þeim málefnum sem Eyrbyggju Sögumiðstöð var ætlað að vinna. Ráðstöfun á árlegu framlagi til Eyrbyggju er á höndum nefndarinnar og á grundvelli þess hefur nefndin unnið að ýmsum stefnumótandi verkefnum í þessum efnum. Sérstaklega má nefna að nefndin lét vinna ljósmyndavef þar sem hægt er að skoða stóran hluta af ljósmyndasafni Bærings Cesilssonar.

Bókasafn

Gert er ráð fyrir sambærilegum rekstri Bókasafnsins og undanfarin ár. Bókasafnið er sem kunnugt er staðsett í Sögumiðstöðinni og hefur um margt tekist vel til með flutning safnsins frá Borgarbrautinni niður í Sögumiðstöð. Alltaf þarf þó að vera á tánum með rekstur af þessu tagi og huga vel að því hvernig starfsemi er best komið fyrir og hvernig aðstaðan á almennt að vera. Forstöðumaður bókasafnsins



vinnur að hluta til við skjalavörslu og frágang og flokkun skjala á bæjarskrifstofunni og einnig nýttist hann til margvíslegra starfa í upplýsingamiðstöð bæjarins.

Eyrbyggja, Sögumiðstöð

Framlag er áætlað liðlega 1,6 millj. kr. Gerður var samningur við Eyrbyggju sögumiðstöð með það að leiðarljósi að tryggja áframhaldandi sýningarhald til ársins 2022. Menningarmálanefnd sveitarfélagsins hefur tekið við umsjón og ráðstöfun á þessum fjármunum og mun nýta þá til verkefna sem þeim er ætlað að standa fyrir.

Samkomuhús

Rekstur samkomuhússins hefur verið með svipuðu sniði undanfarin ár. Á yfirstandandi ári var gengið frá starfslokum við umsjónamenn Samkomuhússins og hefur ekki verið ráðið í það starf aftur, heldur starfið leyst með verkefnaráðningu. Stærsti hluti tekna hússins er vegna eigin nota, þ.e. stofnanir bæjarins eða félög sem bærinn styrkir. Rekstrarkostnaður nettó 2018 lækkar um 13,9% frá fyrra ári., sem ræðst af lægri launakostnaði en verið hefur á liðnum árum.

Ljóst er að skoða þarf vel hver framtíð samkomuhússins á að vera og marka stefnu í þeim málum. Húsið þarfnast talsverðrar andlitslyftingar og ekki er nokkur vafi á því að nýta má húsið mun betur en gert er í dag. Vonandi tekst að marka stefnu í þessum málum á komandi ári. Að þessum málum verður hugað árinu.

Hátíðir og ýmsir styrkir


Framlag til hátíða eru vegna þjóðhátíðar 17. júní, bæjarhátíðarinnar „Á góðri stund“, Rökkurdaga og fleira.

Þá er gert ráð fyrir framlagi vegna Menningarráðs Vesturlands samkvæmt samningi þar um. Mikið af styrkjum á þessum lið er vegna millifærsla milli málaflokka.



Æskulýðs- og íþróttamál

Æskulýðs- og íþróttamál	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Menningar- og tómstundanevnd	468	339	-129	-27,6%
Leikvællir og námskeið	2.774	2.501	-273	-9,8%
Félagsmiðstöðin Eden	4.817	4.469	-348	-7,2%
Ungmennaráð	144	60	-84	-58,3%
Íþróttahús og sundlaug	31.123	31.053	-70	-0,2%
Íþróttavællir	5.333	6.443	1.110	20,8%
UMFG	8.990	10.382	1.392	15,5%
Ýmsir styrkir	1.104	1.732	628	56,9%
Samtals	54.753	56.979	2.226	4,1%



Íþrótt- og æskulýðsnefnd

Í Íþrótt- og æskulýðsnefnd sitja þrír fulltrúar. Kostnaður er áætlaður nokkru lægri en var á fyrra ári, sem tekur mið af raunkostnaði fyrra árs. Fáir fundir hafa verið haldnir á árinu 2017 og tekur fjárhæðin mið af því.

Sumarnámskeið, vinnuskóli og önnur æskulýðsmál

Gert er ráð fyrir aðeins lægri kostnaði við sumarnámskeið, en boðið er upp á sama tíma í námskeiðum. Kostnaður við vinnuskóla er sambærilegur og var á síðasta ári og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðrar niðurstöðu rekstrar á yfirstandandi ári. Kostnaður við önnur æskulýðsmál áætlast með svipuðu sniði og verið hefur.

Félagsmiðstöðin Eden

Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði við félagsmiðstöð milli ára. Heildarkostnaður lækkar lítillega sem skýrist fyrst og fremst af því að að tekið hefur verið tillit til raunkostnaðar yfirstandandi árs. Í áætlun er gert ráð fyrir að boðið verði upp á afþreyingu tvisvar í viku fyrir unglinga á aldrinum 16-18



ára. Félagmiðstöðin er í húsnæði að Borgarbraut 18. Starfsmenn félagsmiðstöðvar eru tveir, báðir í hlutastörfum. Ungmennaráð hefur ekki verið virkt.

Íþróttahús og sundlaug

Rekstur íþróttahúss og sundlaugar er sveitarfélaginu dýr enda er sundlaugin olúkynnt. Þrátt fyrir það hefur náðst hagræðing í starfsmannahaldi sem leiðir til lítillar hækkunar launa milli ára. Í íþróttahúsi er gert ráð fyrir minni leigutekjum vegna minni notkunar hússins og í Sundlauginni hækkar innri leiga talsvert vegna nýframkvæmda sem áttu sér stað á yfirstandandi ári.

Allir liðir í gjaldskrá sundlaugarinnar eru óbreyttir milli ára. .

Íþróttavellir

Um er að ræða kostnað við umhirðu íþróttavallar og sparkvallar.

UMFG

Um er að ræða styrk til UMFG bæði í formi húsaleigu og beins framlags. Framlag til UMFG hækkar nokkuð milli ára eða um 15,5%.


Ýmsir styrkir

Um er að ræða styrki til annarra félaga og íþróttamála.



Brunamál og almannavarnir

Brunamál og almannavarnir	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Slökkvilið	24.642	26.959	2.317	9,4%
Eldvarnareftirlit	1.000	1.000	0	0,0%
Styrkir	1.245	1.341	96	7,7%
Samtals	26.887	29.300	2.413	9,0%



Slökkvilið

Kostnaður við slökkvilið hefur hækkað nokkuð á undanförunum árum. Slökkviliðið hefur einnig eflst talsvert og eru nú fleiri slökkviliðsmenn með full réttindi en áður var. Launakostnaður hefur aukist talsvert vegna eflingar liðsins. Hér er gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum einnig er áætlað fyrir fleiri útköllum. Á árinu 2015 var skrifað undir brunavarnaráætlun áráanna 2015-2021 og er unnið eftir henni. Á árinu 2017 hefur verið unnið að frekari forvarnavinnu og gera sérstaka úttekt á stærri eldáhættum í sveitarfélaginu. Öll vinna af þessu tagi eykur öryggi í eldvörnum sveitarfélagsins.

Eldvarnareftirlit

Um er að ræða reglulegt og lögbundið eldvarnareftirlit. Á árinu 2018 er miðað við að kostnaður verði svipaður og á árinu 2017.

Jafnframt þessu er unnið að yfirferð á öllum brunavarnarkerfum í stofnunum bæjarins og er vonast til að unnt verði að lagfæra hluti þar sem á vantar á árinu 2018.


Björgunarsveitin Klakkur

Um er að ræða styrk til greiðslu fasteignagjalda og beint fjárframlag til sveitarinnar, sem hækkar um 7,7% milli ára.



Hreinlætismál

Hreinlætismál	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Heilbrigðisnefnd	695	700	5	0,7%
Framlag til sorphirðu	0	0	0	
Samtals	695	700	5	0,7%



Heilbrigðisnefnd

Kostnaður er reiknaður samkvæmt rekstraráætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.


Framlag til sorphirðu

Sorphirðugjöld hafa ekki staðið undir kostnaði við sorphirðu og eyðingu á umliðnum árum. Síðustu tvö ár hefur verið við það miðað að verði halli á sorphirðu og gámastöð mun hann koma fram á viðkomandi stöðum, en verður ekki jafnaður út með framlagi frá aðalsjóði til B-hluta.



Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Skipulagsmál	1.900	1.700	-200	-10,5%
Umhverfisnefnd	1.882	1.817	-65	-3,5%
Skipulags- og byggingarfulltrúi	16.707	13.552	-3.155	-18,9%
Reiknuð innri leiga á landi	14.284	15.448	1.164	8,1%
Samtals	34.773	32.517	-2.256	-6,5%



Skipulagsmál

Um er að ræða sérfræðikostnað vegna svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags. Kostnaður við nýtt aðalskipulag og aðra skipulagsvinnu sem er í gangi og haldið verður áfram með á komandi ári fellur að mestu á eignfærða fjárfestingu og kemur því ekki fram hér undir rekstri.

Umhverfisnefnd

Kostnaður vegna nefndarinnar er áætlaður svipaður og verið hefur að meðaltali undanfarin ár. Í nefndinni eru fimm fulltrúar og kostnaður fer eftir fjölda funda sem reynt er að halda í hófi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Nokkrir erfiðleikar hafa verið með mönnun í starf byggingarfulltrúa, sem ráðinn er í fullt stöðugildi. Starfsmaður sem ráðinn var í starfið árið 2015 sagði upp á árinu 2016 og var þá ráðinn inn nýr aðili sem hefur verið í veikindafrí frá september 2017 og hefur þurft að ráða inn afleysingamann í staðinn, en áætlað er hér með kostnaði við afleysingu út janúar 2018. Launakostnaður lækkar nokkuð milli ára þar sem greiða þurfti tvöföld laun á hluta síðasta árs.

Reiknuð innri leiga á landi


Um er að ræða færslu innan bókhalds sveitarfélagsins á reiknaðri leigu lands.



Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Innri leiga gatnakerfis	18.067	22.510	4.443	24,6%
Viðhald og rekstur gatna	1.908	-4.822	-6.730	-352,7%
Götulýsing	3.405	4.000	595	17,5%
Snjómokstur og hálkueyðing	8.600	8.600	0	0,0%
Framlag til áhaldahúss	7.169	8.440	1.271	
Samtals	39.149	38.728	-421	-1,1%

Umferðar- og samgöngumál skipting 2018



Innri leiga gatnakerfis

Um er að ræða millifærða innri leigu.

Viðhald og rekstur gatna

Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum í viðhaldi og rekstri gatna. Hér er þó sérstaklega áætlað fyrir framkvæmdum við gatnagerð og gatnagerðargjöld sem koma inn á móti. Stærsti hlutinn fer á eignfærða fjárfestingu.

Götulýsing

Kostnaður vegna götulýsingar hefur hækkað verulega undanfarin ár en nokkurri hagræðingu hefur verið náð með því að stytta tíma götulýsingar. Hugmyndir eru uppi um að setja led ljós í götulýsinguna, en með því móti ætti að verða nokkur sparnaður í rekstri. Hér er áætlað miðað við reynslu fyrra árs.


Snjómokstur og hálkueyðing

Áætlun byggist á reynslu undanfarinna ára. Erfitt getur verið að spá í þennan lið, sem algerlega er háður aðgerðum veðurguðanna.



Umhverfismál

Umhverfismál	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Opin svæði	9.451	10.310	859	9,1%
Geymslusvæði	577	577	0	0,0%
Minnka- og Refaeyðing	500	500	0	0,0%
Samtals	10.528	11.387	859	8,2%



Opín svæði

Kostnaður hækkar nokkuð milli ára, sem er m.a. vegna þess að gerður hefur verið nýr samningur um garðslátt enn fremur hækkar framlag til Earth Check lítillega.


Geymslusvæði, jólaskreytingar o.fl.

Kostnaður stendur í stað frá fyrra ári frá fyrra ári.



Atvinnumál

Atvinnumál	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Menningar- og markaðsfulltrúi	10.508	10.727	219	2,1%
Fjallskil og fjárgirðingar	315	315	0	0,0%
Tjaldsvæði	559	118	-441	-78,9%
Orkuveitan, sérfræðikostnaður	1.000	1.000		0,0%
Ýmsir styrkir	3.850	4.450	600	15,6%
Samtals	16.232	16.610	159	2,3%



Markaðsfulltrúi

Menningar- og markaðsfulltrúi tók fyrst til starfa í sveitarfélaginu 1. júní 2013. Árið 2014 var því fyrsta heila starfsárið og á árinu 2015 var skipt um starfsmann, sem er í fullu starfi hjá bænum. Í þessari fjárhagsáætlun er áætlun miðuð við að eitt stöðugildi verði allt árið og engar breytingar verði á málum.

Fjallskil og fjárgirðingar

Um er að ræða framlag sem byggir á reynslu undanfarinna ára. Að auki er gert ráð fyrir kostnaði vegna viðhalds fjárgirðinga umhverfis bæinn. Á komandi ári verður áfram unið að lagfæringu og endurnýjun girðingar umhverfis þéttbýli bæjarins.

Tjaldsvæði

Kostnaður við Tjaldsvæði er áætlaður svipaður en gert er ráð fyrir ívið meiri tekjum þannig að nettó kostnaður verður aðeins lægri. Áfram verður unnið að lagfæringum og endurbótum á og umhverfis tjaldsvæðið.


Ýmsir styrkir

Um er að ræða kostnað við Markaðsskrifstofu ferðamála eins og verið hefur. Auk þess er áætlað fyrir kostnaði vegna reksturs Svæðisgarðs, 3,6 millj. kr. og vegna jarðhitaleitar 1 millj. kr.



Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Breyting kr.	Breyting %
Bæjarstjórn	15.771	16.165	394	2,5%
Endurskoðun	4.150	4.300	150	3,6%
Kosningar	0	1.577	1.577	#DIV/0!
Innri leiga ónotaðs húsnæðis	0	0	0	#DIV/0!
Bæjarskrifstofa	61.471	61.622	151	0,2%
Innheimtukostnaður	3.550	3.350	-200	-5,6%
Kynningarmál	1.190	1.140	-50	-4,2%
Starfsmannakostnaður	3.200	3.200	0	0,0%
Samtök sveitarfélaga	6.290	6.290	0	0,0%
Vinabæjarsamskipti	500	300	-200	-40,0%
Ýmsir styrkir	100	100	0	0,0%
Samtals	96.222	98.044	1.822	1,9%



Bæjarstjórn

Útgjöld hækka um verðlag á þessum lið. Kostnaður ræðst að mestu af fjölda funda.

Endurskoðun

Sambærilegur kostnaður og verið hefur.

Bæjarskrifstofa

Kostnaður vegna bæjarskrifstofu er mjög sambærilegur og ráð var gert fyrir á yfirstandandi ári. Liðurinn hækkar um kjarasamningsbundnar hækkanir og verðlag. Hér hefur verið reynt að hagræða sem frekast er kostur.



Innheimtukostnaður

Hér er um að ræða þóknun til ríkisins vegna innheimtu á útsvari.

Starfsmannakostnaður

Hér er einkum kostnaður vegna árshátíðar, námskeiða og endurmenntunar og annars kostnaðar vegna starfsmanna, kostnaður vegna kjarasamninga o.fl.

Kosningar

Hér er gert ráð fyrir kostnaði við sveitarstjórnarkosningar og framlögum til framboða.

Samtök sveitarfélaga

Hér er um að ræða samningsbundin framlög vegna Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og Héraðsnefndar Snæfellinga.

Vinabæjarsamskipti

Gert er ráð fyrir að leggja sambærilegt til vinarbæjarsamstarfsins við Paimpol árið 2018 eins og á árinu 2017.

Þessi málaflokkur stendur nokkuð í stað heildarhækkun er 1,9%



Breyting lífeyrisskuldbindinga

Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga er sambærilegt milli ára. Um er að ræða tryggingafræðilegan útreikning á breytingu framlags. Gert ráð fyrir hækkun miðað við verðlagsbreytingar. Yfirvofandi eru ákveðnar skuldbindingar vegna uppgjöra við lífeyrissjóðinn Brú, sem eru lögbundnar. Ekki liggur enn fyrir með afgerandi hætti hvernig slík uppgjör líta út. Hér er því ekki gerð tilraun til að áætla fyrir því, heldur er ráðgert að taka á því með viðauka þegar ljóst er hvernig það mun líta út.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld og -tekjur eru áætlaðar til samræmis við verðlagsþróun bæði tekju- og gjaldamegin. Fjármagnskostnaður er hlutfallslega hár sökum þess að skuldir sveitarfélagsins eru of háar miðað við þau mörk sem sveitarfélögum eru almennt sett í sveitarstjórnarlögum.

B-hluta sjóðir

B-hluta sjóðir sveitarfélagsins eru sex. Það er fráveita, hafnarsjóður, íbúðir aldraðra, leiguíbúðir, sorphirða og sorpeyðing og Sögumiðstöðin.

Áætlað er að fráveitan verði gerð upp með nokkrum hagnaði á árinu 2018, en fráveitugjöld eru áætluð til þess að standa undir kostnaði við fráveitukerfi bæjarins og fjármagna nauðsynleg verkefni sem vinna þarf að í útrásakerfi bæjarins. Hafnarsjóðurinn sem er langstærstur þessara sjóða verður rekinn með sama sniði og verið hefur og er ráðgert að hagnaður hans nemi liðlega 19,5 milljónum króna á árinu 2018. Á yfirstandandi ári hafa tekjur hafnarinnar verið nokkru lakari en var áætlað fyrir. Þar vigtar þyngst verkfall sjómanna, gengisþróun og lækkingar verð á sjávarafurðum. Unnið er að undirbúningi og hönnun á nýjum viðlegukanti yst á Norðurgarði, sem opna mun mikla möguleika fyrir margháttaða hafnsækna starfsemi. Fáist fjárveitingar til verksins á fjárlögum 2018 verður hafist handa við verkið á komandi ári. Íbúðir aldraðra og leiguíbúðir eru reknar með nokkrum halla. Leigan þar stendur einfaldlega ekki undir kostnaði við rekstur og viðhald þessara eigna. Þessi mál verða til skoðunar. Sorphirðan hefur verið rekin með nokkrum halla á liðnum árum.

Sögumiðstöðin er mjög áhugavert verkefni sem enn er í þróun. Í húsinu er rekin starfsemi bókasafnsins og upplýsingamiðstöð. Í gangi er samningur um rekstur kaffihúss í Sögumiðstöðinni við nýjan rekstraraðila. Sá rekstur hefur gengið vel og eru bundnar vonir við það að unnt verði að framlengja honum. Starfsemi félagasamtaka sem voru til húsa þarna hefur verið fundinn annar staður í Verkalýðshúsinu sem tekið var á leigu fyrir slík samtök eins og félag eldri borgara, vinahúsið og fleiri aðila. Menningarmálanefnd og yfirvöld bæjarins munu vinna að tillögugerð um nánari útfærslu á nýtingu og starfsemi menningarmiðstöðvarinnar. Miklar væntingar eru um að þarna verði unnt að skapa dásamlega perlu í miðbæ Grundarfjarðar sem stendur undir sér til lengri tíma lítið.

Niðurlag

Hér hefur verið hlaupið yfir helstu stærðir í fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2018. Markmiðið er að sinna vel allri grunnstarfsemi sveitarfélagsins og vinna að nauðsynlegu viðhaldi og framkvæmdum í sveitarfélaginu. Jafnframt er brýnt að lækka skuldir og er miðað við að skuldir sveitarfélagsins lækki ár frá ári næstu árin þannig að sveitarfélagið fari vel niður fyrir það mark sem



sveitarstjórnarlög setja sveitarfélögum. Áfram verður unnið að hagræðingu hinna mismunandi rekstrarþátta sveitarfélagsins og þar verður sérstaklega kallað eftir liðsinni forstöðumanna og starfsfólks bæjarins. Ljóst er að bestur árangur næst í þeim efnum ef allir starfsmenn vinna saman að því að reka samfélagið sitt á sem hagkvæmastan hátt. Ekkert fyrirtæki er betra en fólkið sem við það starfar. Mikilvægt er því að virkja þann mikla og góða mannauð sem við höfum hér hjá sveitarfélaginu.

Takist að láta alla þætti ganga fram eins og áætlað er fyrir í fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar árið 2018 og einnig áranna 2019-2021 þá geta Grundfirðingar litið björtum augum til framtíðarinnar. Hugsanlegt er einnig að unnt verði að stíga stærri skref til bætts efnahags í samfélaginu og í því sambandi má nefna það að unnið verðum hörðum höndum í því að finna leiðir í samskiptum sveitarfélagsins við Orkuveitu Reykjavíkur, enda þótt mörgum virðist miða hægt í þeim málum. Skiptir miklu að fá einhverjar lyktir í þeim efnum.

Að lokum er öllu starfsfólki sem komið hefur að þessari vinnu þakkað fyrir vel unnin störf.

Grundarfirði 14. des. 2017.

Þorsteinn Steinsson

Bæjarstjóri

Grundarfirði.